

Reglugjörð

140
13. júní

um breyting á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrijetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl. frá 7. júní 1915.

Við 39. gr.

Síðari málsgrein orðist þannig: Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innan hrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða. Um hross þessi skal hreppstjóri senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annan óskilafjenað.

Við 41. gr.

Í stað »12 vikum« komi »6 mánuði, og fyrir »10 aurum«: hálfum fisk, og »50 aurum«: 2 fiskum á landsvísu í peningum eftir verðlagsskrá.

Við 42. gr.

Eftir orðið »Lögbirtingablaðinu« til »Á sama hátt« komi: Ásamt lýsingunum skulu hreppstjórar greiða til sýslusjóðs 2 fiska á landsvísu í peningum fyrir hverja kind í auglýsingarkostnað.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. júní 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.